

Nd.

480. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekju-
skatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:

Í stað a—c-liða í 12. gr. laga nr. 6 1935 komi:

Fyrir einstakling	kr. 1500
— hjón	— 3000
— hvert barn	— 1200

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Persónufrádráttur sá, sem heimilaður er í gildandi skattalögum, er óeðlilega lágur. Í Reykjavík er hann ákveðinn 900 kr. fyrir einstakling að grunntölu, 1800 kr. fyrir hjón og 700 kr. fyrir hvert barn, en utan Reykjavíkur er frádráttur vegna barna 100 kr. lægri. Vegna þess, hversu lágur persónufrádrátturinn er, eru þurftar-tekjur skattlagðar, auk þess sem óeðlilega lítill munur er gerður á skattgreiðslu einhleypra manna og hjóna, sem og barnlauss fólks og barnmargra fjölskyldna. Hækkun persónufrádráttar hefur fyrst og fremst þau áhrif, að nokkurri skatta-
byrði er létt af þeim, sem hafa lágur tekjur eða hafa fyrir börnum að sjá.

Samfara gengislækkun þeirri, sem nú hefur nýlega verið samþykkt á Alþingi, hlýtur að verða alliveruleg rýrnun á kjörum launastétta í landinu, og kemur hún að sjálfsgöngu harðast við þá, sem lágur hafa tekjur eða stóra fjölskyldu á fram-
færi sínu. Með hækkunum persónufrádrætti mætti létt þessa byrði nokkuð. Þess vegna voru af hálfu Alþýðuflokksins fluttar breytingartillögur við frv. um gengis-
skráningu o. fl., þess efnis, að persónufrádráttur skyldi hækkaður. Þær tillögur voru að vísu felldar, en forsætisráðherra lýsti hins vegar þeirri skoðun sinni í um-
ræðunum, að mjög væri athugandi að gera breytingar á gildandi reglum um þetta efni. Flm. þessa frv. vilja því enn freista þess að koma fram þeirri endurbót á skatta-
lögnum, sem felst í hækkunum persónufrádrætti. Vegna þeirra ráðstafana, sem nú hafa nýlega verið gerðar, er mun ríkari ástæða en fyrr til þeirrar skattalækkunar, sem af þessu mundi hljótast, einkum hjá þeim, sem hafa lágur tekjur eða eiga fyrir mörgum börnum að sjá.